

Minnisblað – Fjölgun stöðugilda hjá ríkinu

MÓTTAKANDI: AÐILDARFÉLÖG BHM
SENDANDI: INGVAR FREYR INGVARSSON, HAGFRÆÐINGUR BHM
EFNI: FJÖLGUN STÖÐUGILDA HJÁ RÍKINU 2019–2025
DAGSETNING: 23. SEPTEMBER 2026

Fjölgun stöðugilda hjá ríkinu er fyrst og fremst innan heilbrigðisþjónustunnar

Fjölgun starfa hjá ríkinu hefur verið mikið í umræðunni. Ný samantekt frá [fjármála- og efnahagsráðuneytinu](#) sýnir hvar störfunum hefur fjölgað og hvers vegna.

Á árunum frá 2019 til 2025 fjölgaði stöðugildum hjá ríkinu um 16%.

Mest var fjölgunin eða 93% innan heilbrigðisþjónustunnar, öryggisþjónustu og kennslu. Heilbrigðisþjónustan ein skýrir 72%.


Í öðrum störfum ríkisins, sem eru um helmingur allra ríkisstarfa, var fjölgunin aðeins 2% á framangreindu tímabili.

Á sama tíma fjölgaði landsmönnum um rúmlega 11%. Samkvæmt útreikningum BHM hefur stöðugildum hjá ríkinu aðeins fjölgað um 4% miðað við íbúafjölda. Að mati BHM skýrist umrædd fjölgun starfa í heilbrigðisgeiranum einkum af lýðfræðilegri þróun og hærri lífaldri þjóðarinnar.

Hvar hefur störfum fjölgað?

Af hverjum 100 nýjum stöðugildum hjá ríkinu eru um 72 í heilbrigðisþjónustu, 11 í öryggisþjónustu, 10 í kennslu og aðeins 7 í öllum öðrum störfum ríkisins (mynd 1).


Mynd 1. Hvernig skiptist fjölgun stöðugilda 2019–2025?



Heimild: Launakerfi ríkisins. Framsetning BHM.

Mynd 2 sýnir hve mikið hverjum hópi hefur fjölgað. Stöðugildum í heilbrigðisþjónustu fjölgaði um 38% og í öryggisþjónustu um 31%. Í öðrum störfum ríkisins var fjölgunin aðeins 2%.

Mynd 2. Fjölgun stöðugilda eftir hópum 2019–2025



Heimild: Launakerfi ríkisins. Framsetning BHM.

Hvers vegna?

Þjóðin er að eldast. Frá 2019 hefur fólki á aldrinum 70–79 ára fjölgað um 35%, meira en í nokkrum öðrum aldurshópi. Eldra fólk þarf meiri heilbrigðisþjónustu sem kallar á fleira starfsfólk.


Auk þess hefur ríkið tekið við hluta öldrunarþjónustu frá sveitarfélögunum. Þau störf eru því ekki ný heldur hafa þau færst á milli þjónustuveitanda. Þá hefur launuðum námsstöðum í heilbrigðisþjónustu fjölgað, til dæmis í sérnámi heimilislækna.

Heimsfaraldur og styttri vinnuvika

Stöðugildum fjölgaði mest árin 2021 og 2022, í heimsfaraldrinum (mynd 3). Á sama tíma var vinnuvikan stytt úr 40 stundum í 36. Til að halda uppi þjónustu allan sólarhringinn þurfti fleira fólk á vaktir. Stöðugildum í vaktavinnu fjölgaði því um 28% en um 13% í dagvinnu.

Síðustu ár hefur dregið úr fjölguninni og hún hefur verið um 1–2% á ári.

Mynd 3. Fjöldi stöðugilda og breyting milli ára, janúar–júlí 2019–2026



Heimild: Launakerfi ríkisins. Framsetning BHM.

Samanburður við fjölgun landsmanna

BHM hefur borið fjölgun stöðugilda hjá ríkinu saman við fjölgun landsmanna á tímabilinu frá 2019 til 2025. Heimsfaraldurinn og stytting vinnuvikunnar skýra aðeins hluta fjölgunarinnar. Á þessu tímabili fjölgaði landsmönnum um rúmlega 11% samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Fleiri íbúar þurfa meiri þjónustu. Miðað við íbúafjölda hefur stöðugildum hjá ríkinu því aðeins fjölgað um 4%. Að mati BHM skýrir heimsfaraldurinn og stytting vinnuvikunnar fjölgun starfa að litlu leyti.

Þegar íbúum fjölgar og þjóðin eldist má þó ætla að verkefnum á hvern starfsmann hafi fjölgað og álag aukist, ekki síst í heilbrigðisþjónustu.

Meginniðurstaða

Fjölgun opinberra starfa í heilbrigðisþjónustu á sér eðlilegar skýringar. Miðað við fjölgun landsmanna á viðmiðunartímabilinu hefur stöðugildum í reynd aðeins fjölgað um 4%, samkvæmt útreikningum BHM. Störfunum hefur fjölgað þar sem þörfin hefur aukist, einkum í heilbrigðisþjónustu vegna öldrunar þjóðarinnar, og líklegt er að sú þróun haldi áfram.